



Litið inn á sýningu í tilefni
árs aldraðra á Kjarvalsstöðum

I vestursal Kjarvalstaða hanga uppi fjölmög málverk alþýðumálara, sem eiga það sammerkt, að hafa gripið í pensilinn eftir að þeir voru komnir af léttasta æviskeiðinu.

Ljósmyndir: —eik—

Handver hugsun aldraðs

„Oft hefur ellin æskunnar not“ er yfirskrift sýningarinnar, sem stendur yfir á Kjarvalsstöðum um þessar mundir — og vel mætti hugsa sér, að því orðtaki yrði snúið við, og sagt „oft hefur æskan ellinnar not“ — eins og reyndar er gert framan á sýningarskránni. Og áreiðanlega á hvort tveggja jafn vel við. Og þó. Á timum hráða og tækni er æskunni án efa hollt að staldra lítillega við og horfa til þess sem var. Skoða þann arf, sem fyrrí kynslóðir hafa látið eftir sig. Fræðast um fyrrí tima.

Til þess ætti að gefast kjörið tækifæri á Kjarvalsstöðum, nú sem oft áður. Þar eru sýndir munir og málverk eftir aldrað fólk, látna og lifendur. Sá sem á



Isleifur Konráðsson hefur fyrir löngu skipað sér í fremstu röð íslenskra alþýðulistmálara, og nokkur verka hans hanga einmitt uppi á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Æska og elli að Kjarvalsstöðum

Landssamtökun Lif og Land gengust fyrir síðdegisvöku sl. laugardag að Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Fjölmenni var á vökuunni og urðu margir að standa á gangi og frammi í anddyri.

Yfirskrift vökunnar var „Skyldleiki æsku og elli“ og var fjallað um efnið frá margvislegum hlíðum. Dr. theol. Jakob Jónsson, fyrrum prestur við Hallgrímskirkju í Reykjavík, flutti erindi um gagnkvæma hjálpssemi æskunnar og ellinnar í sambandi við andleg mál, og ennfremur hvernig æska og elli geta nálgast hvor aðra í starfi. Sigurður Magnússon fyrrum blaðafultrúi Loftleða ræddi um æsku og elli í breyttum þjóðfélagsþáttum. Fjallað var um bók Cicerós,

mælskusnillings í Róm, sem heitir „Um ellina“. Kjartan Ragnars hefur þýtt hana og er hún væntanleg í haust frá Hinu íslenskra bókmennatafelagi. Þórunn J. Hafstein, lögfræðingur, flutti skýringar þær, sem Eyjólfur Kolbeins, menntaskóla-kennari, hefur tekið saman um bókina og höfund hennar.

Manúela Wiesler lék á flautu, Sigfús Halldórsson lék á pianó og Friðbjörn G. Jónsson söng einsöng. Þá lék Heiðrún Hreiðarsdóttir, 8 ára, á fíblu við undirleik Hólmsfriðar Arnadóttur, sem er 83 ára að aldri. Var góður rómur gerður að leik þeirra, og greinilega vel til fallið af skipuleggjendum vökunnar að spila þannig saman æskunni og ellinni.



Vökugestir voru á öllum aldri. (Ljós. ast)